



## UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

### STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Stjórnarfundur UMSB var haldinn 3. mars 2025 að Digranesgötu 2

Mættar voru Guðrún H. Þórðardóttir sambandsstjóri, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir varasambandsstjóri, Raket Dögg Sigurgeirsdóttir ritari og Bjarney L. Bjarnadóttir frkv. stjóri. Svala Svavarsdóttir gjaldkeri var á Teams.

Fundur settur kl. 17:30

#### 1. Fyrirmyndarhérað

Gátlisti yfirfarinn og nokkrir puntar sem þarf að vinna að til að klára. Bjarney búin að lagfæra skipuritið. Hún fer yfir handbókina og sendir til stjórnar til yfirlestrar. Stefnt að því að hljóta endurnýjun á sambandsþingi.

#### 2. Formannafundur 12. mars haldinn á Varmalandi, Ungmennafélag Stafholtstungna mun sjá um utanumhald.

Hugmyndin er að halda form af stefnumótun varðandi samning UMSB og Borgarbyggðar.

- a) Framkvæmdastjóri UMSB fer yfir lögbundnar skyldur og hvað UMSB hefur verið að gera/sinna. Fara yfir skipuritið og hlutverk.
- b) Ritari í hverjum hóp sem þarf að leiða samtalið og draga fram það helsta.
- c) Fyrirmyndarhérað.
- d) Hvetja aðildarfélögin að senda inn tillögur fyrir sambandsþingið.
- e) Hvetja formenn aðildarfélaga til að skoða í kringum sig hvaða einstaklingur ætti skilið að fá merki/hvatningarverðlaun á sambandsþingi.
- f) Hvetja aðildarfélög og deildir til að kanna áhuga innan sinna raða til að gefa kost á sér í stjórn UMSB en fyrir liggur að það muni vanta ritara og meðstjórnanda.

#### 3. Önnur mál:

Sambandsþing:

Þingforseti: það aðildarfélag sem heldur þingið finni ritara og jafnvel þingforseta.

Gestir: Alltaf einhverjir frá ÍSÍ og UMFÍ, fleiri?

Stjórnarfundur fljótlega eftir formannafund til að fara yfir Sambandsþing UMSB 2025.

Fundi slitið kl. 19.15